

1. Almennt

Laxós ehf. (kt. 671016-2110), Jöklael 25, 109 Reykjavík, sótti um nýtt rekstrarleyfi vegna landeldis á 400 tonna hámarkslífmassa af laxi og regnbogasilungi til seiðaeldis að Öldugötu 31 á Árskógssandi í Eyjafirði þann 26. apríl 2022.

Fiskeldisstöð Laxós ehf. á Árskógssandi er staðsett á landi með frárennsli um stökk út í sjó í Eyjafirði. Í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Fiskeldisstöðin er útbúin þreföldum vörnum gegn stroki. Öll ker verða útbúin með fiskhelda rist sem passar við stærð viðkomandi seiða, einnig er allt frárennsli stöðvarinnar leitt í gegnum fiskhelda rist/ristar og að lokum er frárennslið leitt í gegnum tromlusíur áður en það fer til sjávar. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

Matvælastofnun staðfestir að móttækin eru öll gögn sem stofnuninni ber að óska eftir samkvæmt lögum og reglugerð um fiskeldi og staðfestir að þau teljist fullnægjandi. Matvælastofnun hefur farið yfir og kynnt sér tilkynnta framkvæmd og ákvarðanir Skipulagsstofnunar, og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun auglýsti tillögu að rekstrarleyfi á tímabilinu 7. mars 2024 til 5. apríl 2024 skv. 10 gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi og barst engin athugasemd vegna tillögunnar.

2. Afstaða til mats á umhverfisáhrifum

Upphafleg framkvæmd Laxós ehf. á Árskógssandi var tilkynnt til Skipulagsstofnunar 3. maí 2017. Fram kom í tilkynningunni að rekstraraðili ætlaði að framleiða allt að 1.200 tonn af laxaseiðum á Árskógssandi. Áætlað var að byggja tvo áfanga. Fyrsti áfangi gerði ráð fyrir að reisa 3.200 m² skemmu á Öldugötu 31. Skemman átti meðal annars hýsa klak-, startfóðurs- og seiðaeldisdeild. Seinni áfanginn fólst í því að reist yrði á landfyllingu við höfnina stórseiðaeldisstöð með 10 lokuðum kerum. Ákvörðun Skipulagsstofnunar í málinu lá fyrir 31. ágúst 2017 og var niðurstaðan sú að fyrirhuguð framkvæmd myndi ekki hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif með tilliti til eðlis framkvæmdarinnar, staðsetningar hennar og eiginleika hugsanlegra áhrifa hennar og því væri framkvæmdin ekki háð mati á umhverfismáhrifum. Ákvörðunin var kærð til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála 30. september 2017. Niðurstaða úrskurðarnefndarinnar, dagsett 12. febrúar 2019, var að kærur var vísað frá og ákvörðun Skipulagsstofnunar var staðfest.

Tilkynnt var um breytingu á framkvæmd Laxós ehf. á Árskógssandi og barst tilkynningin Skipulagsstofnun þann 17. júlí 2023. Tilkynning Laxós ehf. kom í kjölfar kynningar á framkvæmd fyrir íbúa Árskógssands og þar komu fram mótmæli við að áfangi 2 yrði reistur á fyrirhugaðri landfyllingu og einnig voru íbúar mótfallnir því að áfangi 3 yrði á Árskógssandi. Breytt áform fólust í færslu stórseiðaeldisstöðvar af landfyllingu og yfir á lóðir við Öldugötu 33 og 35. Einnig var gert ráð fyrir breyttri öflun á fersku vatni. Framkvæmdin er að öllu leyti sú sama og tilkynnt var upprunalega til Skipulagsstofnunar 2017, fyrir utan fyrrnefndar breytingar.

Matvælastofnun skilaði umsögn til Skipulagsstofnunar vegna mögulegrar matsskyldu breyttrar framkvæmdar þann 9. ágúst 2023. Í umsögninni kemur fram að stofnunin telji ekki tilefni til að umrædd framkvæmd fari í gegnum mat á umhverfisáhrifum þar sem hún er ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, þ.e. að hafa verulega óafturkræf umhverfisáhrif eða valda verulegum spjöllum á umhverfinu sem ekki er hægt að fyrirbyggja eða bæta úr með

mótvægisáðgerðum. Varðandi afstöðu Matvælastofnunar vegna umhverfisáhrifa horfir stofnunin sérstaklega til þátta er snúa að sjúkdómum og stroki. Skipulagsstofnun gaf út ákvörðun þann 6. nóvember 2023 þess eðlis að framkvæmdin væri ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Í ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu vegna rekstrarleyfis Laxós ehf. á Árskógssandi kemur fram að fyrirhuguð tilhögun eldis á Árskógssandi feli í sér uppbyggingu mannvirkja. Uppbyggingin mun fela í sér staðbundið rask á gróðri, en ekki rask á fornleifum eða hafa teljandi áhrif á ásýnd á svæðinu. Hætta á slyasleppingum á laxi og erfðablöndunar í kjölfar sleppinga eru taldar litlar. Sleppivarnir stöðvarinnar felast í tromlusíum og ristum við frárennsli sem og í niðurföllum stöðvarinnar. Skipulagsstofnun telur mikilvægt að frárennsli verði útfært á þann hátt að þynning verði sem mest og að áhrif á lífríki við frárennsli stöðvarinnar verði vöktuð í samráði við leyfisveitendur. Umhverfisstofnun setur losunarmörk út frá fóðurnotkun eldis, hreinsun frárennslis og aðstæðum við útrás viðtaka. Með því yrði fyrirhuguð losun fráveitu í viðtaka ekki líkleg til þess að hafa umtalsverð áhrif á lífríki á hafsbótnei. Matvælastofnun telur að með því sé tryggt að lágmark lífræns úrgangs berist út í viðtaka. Eldri áform framkvæmdaraðila gerðu ráð fyrir að vatnsöflun færi fram á þrem stöðum (A, B og C) á bökkum Þorvaldsdalsár. Nú er aðeins gert ráð fyrir vatnstöku á einum stað (A). Breytt fyrirkomulag mun hafa minniháttar áhrif og með hliðsjón að fyrirhugaðri vatnstökuáætlun er ekki talið líklegt að áformin hafi umtalsverð áhrif á lífríki árinna. Einnig mun draga úr yfirborðsraski frá fyrri áformum. Verði ummerki eftir gróft og vinnusvæði lágmarkuð eins og frekast unnt verður. Þá verða áhrif framkvæmdar óveruleg og ekki til þess fallinn að hafa neikvæð áhrif á landslag né rýra útivistargildi svæðisins. Matvælastofnun tekur undir sjónarmið Skipulagsstofnunar. Skipulagsstofnun telur að með hliðsjón af áformaðri vöktun og vatnstöku áætlun að ólíklegt sé að fyrirhugaðar breytingar verði til þess að ástand vatnshlota versni. Matvælastofnun hefur farið yfir mat rekstraraðila á árhrif framkvæmdarinnar á vatnshlot og gerir ekki athugasemd við matið. Stofnunin telur að áhrif starfseminnar á vatnshlot séu ekki það mikil að það muni falla um flokk. Matvælastofnun bendir á að rekstraraðili þurfi að uppfylla þær kröfur sem gerðar eru í vöktunaráætlun rekstraraðila í starfsleyfi Umhverfisstofnunar.

Matvælastofnun álitur að náttúrulegar aðstæður á fyrirhuguðu eldi Laxós ehf., eldistegund eða eldisaðferð gefi ekki tilefni til neikvæðra vistfræði- eða erfðafræðiáhrifa. Matvælastofnun telur að umhverfisáhrif vegna framkvæmdarinnar verði afturkræf verði starfseminni hætt. Eins og fram hefur komið þá hefur Matvælastofnun kynnt sér tilkynnta framkvæmd fyrirtækisins, rekstrarleyfisumsókn ásamt fylgigögnum, ákvarðanir Skipulagsstofnunar um matskyldu og önnur gögn sem liggja fyrir við afgreiðslu málsins og telur framangreind gögn lögmætan grundvöll til leyfisútgáfu. Matvælastofnun staðfestir að framkvæmd Laxós ehf. á Árskógssandi í Eyjafirði er í samræmi við tilkynnta framkvæmd.

3. Umsagnir til Matvælastofnunar vegna leyfisins

Matvælastofnun óskaði eftir umsögnum frá Fiskistofu, Hafrannsóknastofnun og Dalvíkurbyggð þann 28. apríl 2022 og 18. janúar 2024.

Umsögn frá Dalvíkurbyggð barst 15. febrúar 2024. Dalvíkurbyggð gerir ekki athugasemdir við að Matvælastofnun gefi út rekstrarleyfi fyrir fyrsta áfanga fyrirhugaðrar framkvæmdar.

Umsögn frá Hafrannsóknastofnun barst 20. maí 2022. Hafrannsóknastofnun telur að eldistegund, eldisstofn eða eldisaðferð gefi tilefni til neikvæðra vistfræði og erfðafræðiáhrifa komi til þess að fiskur sleppi úr eldisstöðinni. Tryggja þarf að allar sleppivarnir séu viðunnandi til þess að lágmarka hættu á slysum og sleppingum. Einnig er bent á að mikilvægt sé að vakta vantshlotið vegna þess að ástand vatnshlotsins má ekki hnigna vegna starfsemi sem þessarar.

Umsögn frá Fiskistofu barst 17. febrúar 2023. Fiskistofa bendir á að helstu áhættuþættir frá fiskeldi á Íslandi felast í mögulegum áhrifum þegar fiskar sleppa frá eldisstöð og til þess hvort líkur geti verið á því að sjúkdómar eða sníkjudýr geti smitað og haft áhrif á villta stofna. Einnig er bent á mikilvægi þess að affall frá stöðinni sé

útbúið á þann hátt að litlar líkur séu á að fiskur sleppi. Þar sem um landeldi er að ræða er ekki mikil hættá á að smit berist í villta stofna og hægt er að bregðast við ef sjúkdóma verður vart.

Matvælastofnun bendir á að í rekstrarleyfum fiskeldisstöðva á landi er skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði staðsettum í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur. Búnaður eldisstöðvarinnar er þannig að í öllum kerum eru ristar til að hindra að fiskur geti strokið og einnig eru ristar í brunnum sem dauðfiskur safnast í. Óverulegar líkur eru taldar á stroki úr stöðinni þegar tillit er tekið til varnarbúnaðar í kerum og í frárennsli stöðvarinnar.

4. Gildistaka

Matvælastofnun hefur nú tekið ákvörðun um útgáfu rekstrarleyfis til Laxós ehf. á Árskógssandi í Eyjafirði. Rekstrarleyfið heimilar 400 tonna hámarkslífmassa á laxi og regnbogasilungi til seiðaeldis á Árskógssandi.

Rekstrarleyfið byggir á skilyrðum laga og reglugerðar um fiskeldi.

Rekstrarleyfið tekur gildi þegar Matvælastofnun hefur gert úttekt á fiskeldisstöð. Markmið úttektar er að staðreyna eftir fönngum að rekstrarleyfishafi sé fær um að fullnægja skilyrðum laga þessara og skilmálum rekstrarleyfis. Gildistaka rekstrarleyfis landeldisstöðvar er háð því skilyrði að stöð sé útbúin búnaði sem kemur í veg fyrir að fiskur sleppi úr eldiskari og búnaði sem staðsettur er í frárennsli stöðvar sem fangar fisk sem sleppur.

Selfoss, 22. apríl 2024